

JÁRNGERÐUR



Ný sundlaug á teikniborðinu

Um 450 hugmyndir frá íbúum í hugmyndasöfnun forhönnunar sundlaugarsvæðis



Af tillögnum sem sendar voru inn er ljóst að Grindvíkingar leyfa sér að hugsa stórt. Meðal hugmynda sem sendar voru inn má nefna gosbrunnagarð, vatnsbyssuvæði, „lazy river“, innisundlaug, spa aðstöðu og svo mætti lengi upp telja.

Unnið verður að forhönnun svæðisins í ár og má því búast við því að tillaga að nýju sundlaugarsvæði verði kynnt síðar í vetur.

Ný rennibraut og gufubað

Í sumar var tekin í notkun ný rennibraut í sundlauginni. Regnbogarennibrautin svokallaða er í „Sveppnum“ og hefur vakið mikla lukku hjá yngstu gestum sundlaugarinnar.

Í haust var síðan tekið í notkun nýtt gufubað á sundlaugarsvæðinu. Nýja gufan leysir af hólmi gufubaðshús frá 2016. Gufubaðið hefur notið vaxandi vinsælda á síðustu árum og taka því líklega margir Grindvíkingar þessum tímamótum fagnandi.

Sundlaugin er opin virka daga í vetur milli kl. 6:00 og 21:00. Um helgar er opið frá 9:00 til 16:00.

Ritsjórn

Ellen Agata Jónsdóttir

Forsíðumynd

Ingibergur Þór Jónasson

Ljósmyndir

Ellen Agata Jónsdóttir, Melkorka Ýr Magnúsdóttir, Sahara, Viggt og úr einkasafni.

Hönnun & umbrot

M74 Studio – @m74studio

Yfirlitstur

Andrea Ævarsdóttir



GRINDAVÍKURBÆR

Eldgosið í Meradölum

Undir lok júlímánaðar hófst öflug jarðskjálftahrina og henni fylgdu þúsundir skjálfta

Tugir skjálfta mældust yfir 4 að stærð og sá stærsti reið yfir um verslunarmannahelgina og var hann 5,4 að stærð. Upptök hans voru mjög nærri Grindavík og upplifðu flestir bæjarbúar hann sem þann harðasta sem hafði fundist síðustu misserin. Skjálftinn olli nokkru tjóni á innanstokksmunum, sprungur opnuðust í jarðskorpunni og grjótt hrundi úr fjallshlíðum.



Með íbúum Grindavíkur vel farnasi. Fannar Jónasson bæjarstjóri

Visindamenn fylgdust grannt með framvindu mála. Niðurstöður rannsókna bentu til þess að kvikugangur lægi mjög grunnt undir yfirborðinu við Fagradalsfjall. Kvikan gæti brotist upp til yfirborðsins og því væru umtalsverðar líkur á eldgosu innan tíðar. Kvikuinnflæðið væri talsvert mikið og nálægt því að vera tvöfalt hraðara en í aðdraganda gossins árið 2021. Það kom því jarðvisindamönnum ekki á óvart þegar eldgos hófst í Meradölum kl. 13:18 miðvikudaginn 3. ágúst. Upptökin voru á um 300 metra langri sprungu norðvestur af megingignum sem myndaðist í Geldingadölum í fyrra.

Neyðarstig almanna varna var þegar virkjað. Björgunarsveitir og lögregla mættu fljótlega á gosstöðvarnar en almennungi var ráðið frá því að mæta á svæðið. Ein helsta ógnin frá gosinu var gasmengun og því gat verið hættulegt að ganga um í lægðum eða nærri nýju hrauni. Fyrstu mælingar bentu til þess að gosið væri fimm til tíu sinnum meira en hið fyrra gos en fljótlega tók þó að draga úr kvikuflæðinu. Til að byrja með var áframhaldandi skjálftavirkni á Reykjanesi en hægja tók á þeirri virkni dag frá degi. Svokallaðir gikk skjálftar urðu bæði austan og vestan við gosstöðvarnar og mældist sá stærsti 4,2.

Þegar var hafist handa við að bæta aðkomuleiðir að gosstöðvunum í þeim tilgangi að minnka slysaheitu og auðvelda aðgengi fyrir almenning og viðbragðsaðila. Ráðist hafði verið í talsverðar framkvæmdir við bilastæði, göngu- og aksturleiðir í kjölfar gossins 2021 og komu þær framkvæmdir nú að góðum notum. Verulegar umbætur þurfti þó að gera á gönguleið A sem hefur verið sú fjölfarnasta að eldstöðvunum síðustu vikurnar. Bröttustu brekkurnar hafa verið lagfærðar verulega og gerðar nægilega breiðar til að ökutæki lögreglu og björgunarsveita geti farið þar um. Þá hefur malarefni verið ekið í gönguleiðina og hún þannig gerð mun greiðfærari en áður. Jafnframt hafa verið settar upp stikur með leiðarljósum til að minnka hættuna á að ferðalangar villist af leið. Gönguleiðin inn að eldstöðvunum er engu að síður löng og brött á köflum og gangan ekki á færi nema vel útbúins göngufólks. Björgunarsveitir hafa í mörgum tilfellum þurft að aðstoða illa búna eða örmagna ferðalanga og ferja af svæðinu.

Yfirstandandi eldgos í Meradölum og jarðskjálftahrina sem var undanfari gossins er að sögn jarðvisindamanna visbending þess að hafið sé nýtt tímabil jarðhræringa á Reykjaneskaganum. Eldsumbrot gætu þar með tekið sig upp á næstu árum og áratugum með einhverjum hléum á milli. Við þær aðstæður gæti mætt verulega á íbúum Grindavíkur, en áhrifin geta einnig orðið umtalsverð annars staðar á Reykjanesi, höfuðborgarsvæðinu og víðar. Í því ljósi þarf að treysta ýmsa innviði til að samfélagið sé í stakk búið til að mæta nýjum áskorunum. Ríkisvaldið fer þar með forystu, en Grindavíkurbær gegnir lykilhlutverki í því að vinna úr aðstæðum ef umbrotin verða innan lögsögu bæjarfélagsins. Heilsa og öryggi fólks skal ávallt haft í fyrirrámi.

Þegar þetta er ritað hefur eldgos í Meradölum legið niðri í nokkra daga og engin visbending er um að kvika sé að koma upp á yfirborðið. Gosið fram að þessu var ekki stórt í sniðum og upptökin á einum ákjósanlegasta staðnum hvað varðar hraunrennsli. Íbúar Grindavíkur hafa tekið eldgosinu með æðruleysi og stillingu. Hvort og þá hvenær eldsumbrot kunni að taka sig upp að nýju verður tíminn að leiða í ljós. Reynsla undanfariinna missera hefur reynst mikilvæg og þekking og viðbúnaður vegna eldsumbrota er mun meiri en áður var.

Sumaruppgjör vinnuskólans '22

Vinnuskólinn fór vel af stað í ár. Flokkstjórnir höfu störf í maí og vorum við með einstaklega góðan hóp í sumar

Vinnuskólinn fór vel af stað í ár. Flokkstjórnir höfu störf í maí og vorum við með einstaklega góðan hóp í sumar. Ungmenninn sem voru að klára fyrsta ár í framhaldsskóla höfu störf í lok maí og 8.-10. bekkur byrjaði um miðjan júní. Það voru töluvert færri nemendur við vinnuskólann í ár en undanfarið en 134 ungmenni voru við störf þegar mest var og skiptist þannig:

- 8. bekkur – 57 nemendur
- 9. bekkur – 36 nemendur
- 10. bekkur – 26 nemendur
- 1. ár í framhaldsskóla – 15 nemendur

Flokkstjórnir í ár voru:

- Birkir Snær Sigurðsson
- Dagbjört Arnþórsdóttir
- Dagur Ingi Hammer Gunnarsson
- Elsa Katrín Eiríksdóttir
- Haukur Arnórsson
- Hinrik Guðbjartsson
- Kenan Turudija
- Kristófer Breki Gylfason
- Marínó Axel Helgason
- Milos Jugovic
- Mirza Hasecic
- Nemanja Latinovic
- Nökkvi Már Nökkvason
- Páll Erlingur Pálsson
- Ragnhildur Nina F. Albertsdóttir
- Simon Logi Thasaphong
- Teitur Leon Gautason
- Telma Lind Bjarkadóttir



Melkorka Ýr Magnúsdóttir var yfirflokkstjóri og Bergsteinn Ó. Ólafsson, umsjónamaður grænna- og opinna svæða, var yfirflokkstjóra og flokkstjórum til halds og trausts þegar kom að verkefnum sumarsins ásamt Eggerti Sólberg Jónssyni sviðsstjóra fristunda- og menningarsviðs.

Í upphafi sumars sóttu flokkstjórnir námskeið í skyndihjálpu, vinnuvernd og hvernig á að skapa góða líðsheild og vinna með unglíngum og ungmennum til að vera betur undirbúin fyrir verkefni sumarsins. Einnig fengu nemendur vinnuskólans margvíslega fræðslu yfir sumarið. Chanel Björk kom í heimsókn til okkar og talaði um fjölbreytileika og rásisma, Soffía launa-fulltrúi var með fræðslu hvernig á að lesa úr launaseðlum, einnig var fræðsla á sumarhátíð vinnuskólanna.

Fyrsta verkefni sumarsins var að gera bæinn finan fyrir Sjóarann Síkátta og var strax hafist handa við að slá, gróðursetja blóm og hreinsa götur. Einnig hjálpuðu flokkstjórnir og ungmenni á 1. ári í framhaldsskóla við undirbúning og gæslu á sjálfri hátíðinni. Nýr dagskrarliður var á hátíðinni þar sem boðið var uppá vatnsrenni-braut í Bröttubrekku sem flokkstjórnir vinnuskólans sáu um að skipuleggja. Þetta gekk vonum frammar og var mikil stemning á svæðinu.



Einnig hjálpuðu flokkstjórnir og nemendur vinnuskólans við hátíðarhöldin á 17. júní bæði við undirbúning, gæslu og andlitsmálun.

Helstu verkefni vinnuskólans í sumar voru sláttur, beðahreinsun, gróðursetning, máln-ingarvinna og almenn umhirða bæjarins. Í ár var hópunum skipt upp eftir aldri og heppnaðist það mjög vel. Við vorum því með 7 almenna hópa starfandi á mismunandi stöðum í bænum ásamt sláttuhópnum. Elstu nemendum vinnuskólans býðst einnig að taka þátt í sérverkefnum í stað þess að vera í almennum hópum og voru ungmenni frá vinnuskólunum starfandi á íþróttasvæðum, leikjanámskeiðum og leikskólum.

Síðustu vikuna í júní bauðst 9. bekk að fara í Sjávarauðlindaskólann á vegum Fisktækni-skóla Íslands. Þar kynntust unglíngarnir bláa hagkerfinu og fóru í hinar ýmsu vettvangsferðir. Skemmtilegt samstarfsverkefni og voru unglíngarnir mjög sáttir eftir vikuna.



Venjulegir vinnudagar voru brotnir upp nokkrum sinnum í sumar en þann 7. júlí fóru 8-10. bekkur á sumarhátíð vinnuskólanna sem er haldin ár hvert. Sumarhátíðin er ákveðin uppskeruhátíð og þar hittast ungmenni úr Grindavík, Vogum, Sandgerði og Garði og eiga glaðan dag saman.

Í ár var hátíðin haldin í Vogunum, farið var í leiki fyrir hádegi, grillað pylsur og eftir hádegi var fræðsla frá Barnahúsi. Þann 14. júlí tókum við ruslatínslu sem endaði í Selskógi. Þegar þangað var komið fórum við í ýmsa leiki, spike ball og kubb, kveiktum á tónlist og hentum í góða grillveislu. Þegar hóparnir hættu störfum var skipulagður dagur til að þakka þeim fyrir sumarið.

8. og 9. bekkur voru saman í Hópinu þar sem farið var í leiki og snúðar í boði í kaffinu en 10. bekkur og 1. ár framhaldsskóla voru í Þrumunni, þar sem farið var í pool og haldið ping pong mót, horft á kvíkmyndir og tölvuleikir spilaðir og að sjálfsögðu snúðar í kaffinu. Þessir dagar voru ótrúlega skemmtilegir og gaman að verðlauna unglíngana og ungmenninn fyrir vel unnin störf. Í lokin langar mig að nefna að sumarið gekk vonum frammar, verkefni voru mörg og því þurfti að forgangsraða vel en nemendur vinnuskólans mættu tilbúnir í slaginn og byrjuðu sumarið af krafti.



Langflestir nemendur eru að stíga sín fyrstu skref á vinnuarkaðnum og er vinnuskólinn leið til að kynna þau fyrir því hvernig er að vera í vinnu, ganga í þau verkefni sem eru á dagskrá, sjálfstæði í vinnubrögðum og stundvisi. Lögd er áhersla á að upplifunin af vinnu sé jákvæð og uppbyggjandi, við nýtum hvert tækifæri til að hrósa og leiðbeinum þeim á uppbyggilegan hátt þegar þörf er á.



Jákvæður stuðningur frá flokkstjórum og samfélaginu í heild skilar sér í betra vinnuframlagi og því miklægt að við tókum öll þátt í að hvetja unglíngana og ungmenninn áfram. Félagslegur þroski og tengls við aðra nemendur og flokkstjórnir er einnig partur af upplifuninni og því voru uppbrot á deginum góð til að bæta líðsheild, samskipti og samvinnu í hópunum.

Þegar horft er til baka tókst sumarstarfið vel og nemendur og starfsfólk nálguðust verkefni sín af metnaði og vilja til að gera bæinn finan.



Hraðaspurningar, Alexander Birgir

Hlusta má á viðtal við Alexander á hlaðvarpsrás Grindavíkurbæjar „Góðan daginn Grindvíkingur“ ásamt fleiri áhugaveðum þáttum



Alexander Birgir.

Hvað heitir þú og hvað ertu kallaður?

Alexander Birgir Björnsson.
Ég er stundum kallaður Lexi eða Alli.

Hvað ertu gamall?

21 árs þann 1. mars, ég er fæddur árið 2001.

Hvað ertu að gera þessa dagana?

Ég er að vinna hjá Grindavíkurbæ. Á mánudögum er ég hjá Grunnskóla Grindavíkur á Ásabraut, á þriðjudögum er ég í þrumunni, á miðvikudögum er ég á leikskól-anum Laut, á fimmtudögum er ég upp á Hæfingarstöð Reykjanesbæjar og á föstudögum er ég í íþróttahúsinu. Það er nóg að gera! Fyrir vinnu er ég liðsstjóri hjá meistaraflokki kvenna, ég sé um að moppa gólfin á körfuboltaleikjum hérna heima og svo er ég í söngnámi í Reykjavík.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Að vera með fjölskyldunni minni er mitt helsta áhugamál. Ég er líka algjört Eurovision fan og elska þennan tíma í kringum Eurovision. Svo hef ég gaman af íþróttum og það er gaman að vera með góðum vinum!

Hvað heillar þig mest fari fólks?

Að allir séu jákvæðir.

Hvað er uppáhalds Eurovision lagið þitt?

Ég verð að viðurkenna að þau eru ansi mörg en lagið „Work your magic“ frá Hvíta-Rússlandi frá árinu 2007 með Koldun er eitt af mínum uppáhalds. Þetta er besti árangur Hvít-Rússa, en þeir lentu í 6. sæti þetta árið.

Áttu eitthvað vandræðanlegt moment?

Í 6. bekk þá lék ég Hróa Hött á árshátíðinni og þá sleit ég bogann á frumsýningunni. Ég varð alveg miður mín þetta var svo vandræðanlegt!

Hverjir eru bestir?

Grindavík eru bestir! Allan tímann, liðið mitt. Grindavík er eins og ein stór fjölskylda segi ég. Bara risastórt hjarta. Þó það gangi stundum illa í íþróttum þá bara gengur betur næst, það er enginn fullkominn, við erum öll mannleg!

Hvað hræðistu mest?

Ég hræðist mest slagsmál og fólk í rugli. Ég vill ekki neyta vimefna, ég vill frekar njóta lífsins með fjölskyldunni minni og vinum.

Hver er þinn helsti kostur?

Minn helsti kostur er að ég er mikill knúsari og ég er vinalegur, góðhjartur, jákvæður og hjálpsamur.

Hvað myndir þú kaupa þér fyrir þúsund kall?

Fara á ísrúnt með liðveislunni.

Hver er helsti kostur Grindavíkurbæjar?

Hann er vinalegur, hann er mjög glaðlegur og besti bærinn á Íslandi til að búa á. Ég myndi aldrei flytja héðan. Það er bara stutt að fara allt, fara í búð, í skólann og labba í vinnuna. Það er bara allt geggjáð hérna í Grindavík. Fólkið er bara það vinalegasta sem ég hef kynnst. Maður er bara svo frjáls hérna í Grindavík. Fólkið kann vel til dæmis á mína einhverfu. Allt fólkið hér í Grindavík er besta fólkið hér á Íslandi.

VIGT á HönnunarMars

Í maí síðastliðinn tók VIGT þátt í HönnunarMars. HönnunarMars er hönnunarhátíð á Íslandi þar sem sýndar eru nýjungar í hönnun og kynntar fyrir gestum og gangandi. Hátíðin er haldin árlega, yfirleitt í mars en fresta þurfti hátíðinni í ár til maí vegna samkomutakmarkana. VIGT var á meðal hönnunarfyrtækja sem sýndu á hátíðinni

Ljósmyndir: Úr einkasafni VIGT

Hvað voru þið að sýna á HönnunarMars?

Staðbundinn efniviður var tilraunarverkefni okkar á HönnunarMars 2022. Frá upphafi höfum við stuðst við staðbundna framleiðslu. Framleiðsla í nærumhverfi hjá fjölskyldureknum fyrirtækjum hefur verið áhersluatriði.

Framleiðsla úr efniviði og vörum sem eru nær mörkuðum, er umhverfisvænni kostur og hefur góð áhrif á samfélagið. Okkur langaði að gera tilraun til að nota íslenskan efniviði í okkar vörur og hafa um leið jákvæð áhrif á kolefnisspor okkar. Við völdum þrjá vöruflokka frá okkur og við framleiðsluna notuðum við lerki frá skógarbændum á Austurlandi og íslenskt blágrýti. Það tókst vel til í flestum tilfellum.

Hvernig voru viðtökurnar?

Viðtökurnar voru framar vonum, við fengum heimsóknir bæði frá íslenskum og erlendum aðílum. Veðrið var frábært þessa daga svo það var mikið líf í miðbænum.

Sýningin okkar var í höfuðstöðvum Feel Iceland á Skólavörðustígnum. Einnig vorum við með viðburð hér í Grindavík í rýminu okkar þar sem við kynntum starfseminu og veittum innsýn í framleiðsluna, það vakti lukku.



Haðið þið áður tekið þátt á HönnunarMars?

Við höfum ekki tekið þátt áður svo við renndum blint í sjóinn.

Hvað tekur ferlið langan tíma – frá hugmynd til vöru sem er tilbúin til sölu?

Já góð spurning, það er mjög misjafnt. Í grófum dráttum er ferlið einhvern veginn svona; Hugmynd kviknar, þróun og teiknivinna fer í gang. Samhliða þarf að huga að ýmsu, svo sem efnisvali og framkvæmd við framleiðslu. Þá tekur við frummyndargerð og kostnaðargreining sem sker úr um hvort varan fari í framleiðslu eða ekki. Eftir það þarf stundum að breyta, bæta og hagræða. Þegar við erum svo komnar með tilbúna vöru þurfum við að finna hentugar umbúðir og markaðssetja vöruna.

Hvað er framundan hjá VIGT?

Framundan er áframhaldandi framleiðsla og vörubrúun, menningartengdir viðburðir í rýminu okkar og 10 ára afmæli í janúar.

Málefñasamningur kjörtímabilið 2022-26

Málefñasamningur D-, B- og U-lista kjörtímabilið 2022-2026
Kjörnir fulltrúar Framsóknar (B), Sjálfstæðisflokks (D) og Raddar
unga fólksins (U) munu vinna sem ein heild og starfa saman
í vinnu sinni fyrir Grindavíkurbæ



Helga Dis Jakobsdóttir, Ásrún Helga Kristinsdóttir,
Hjalmar Hallgrímsson og Birgitta Káraðóttir

Ahersla verður lögð á að allir kjörnir fulltrúar
í bæjarstjórn séu vel upplýstir um mál sem
koma til umfjöllunar og eða afgreiðslu áður en
ákvæðanir eru teknar.

Uppbygging framundan

Grindavíkurbær er í örum vexti með upp-
byggingu í Hlíðarhverfinu sem verður nýjasta
hverfi okkar Grindavíkinga. Rekstur bæjarfél-
lagsins hefur gengið vel og eiginfjárstaða góð,
samkvæmt áætlun munu þau metnaðarfullu
verkefni sem eru í vinnslu nota þá fjármuni sem
bæjarfélagið á.

Það er fyrir séð að þó nokkur fólksfjöldun mun
verða samhliða uppbyggingu Hlíðarhverfis og
því nauðsynlegt að styðja við uppbyggingu
innviða og þjónustustigs í Grindavík í sam-
ræmi við íbúafjölda. Þó þarf einnig að tryggja
trausta fjármálastjórn og reyna að halda
kostnaði á íbúa í lágmarki.

Nýr meirihluti Framsóknar, Sjálfstæðisflokksins
og Raddar unga fólksins mun leiða metnaðar-
full verkefni á næstu árum í góðu samstarfi við
mínihluta og íbúa Grindavíkurbæjar. Grinda-
vík er gott bæjarfélag, saman munum við
hugsa til framtíðar og stefna hátt til að gera
góðan bæ enn betri.

Forgangsverkefni

Meirihluti, B, D og U eru sammála um að
þrýsta þurfi á:

- Afhendingaröryggi rafmagns og hring-
tengja Grindavíkurbæ.
- Öryggi vatnsbóla og að vatnsvernd verði
með besta móti í Grindavík.
- Stjórnvöld varðandi Heilsugæslu og varnar-
garða.

Jafnframt verði leitast við að innleiða nýjungar
í stjórnsýslu sem miða að því að auka
skilvirkni og efla þjónustustig.

Verkefni sem eru á áætlun:

Félagsaðstaða eldri borgara

Verkefnið er í vinnslu og leggur meirihluti upp
með gott samstarf við eldri borgara í þróun
félagsaðstöðunnar og mótunar á tómstunda-
stefnu. Markmiðið er að taka aðstöðuna í notk-
un fyrir lok árs 2024.

Leikskóli í Hlíðarhverfi

Nýr ó deilda leikskóli, þar sem lagt er upp með
að tryggja börnum aðgang frá 12 mánaða
aldri, strax að loknu fæðingarorlofi. Verkefnið
er tilbúið til útboðs og verður unnið í samræmi
við eftirspurn. Stuðningur verður veittur til
leikskólanna Króks og Lautar með innleiðingu
ungbarnadeilda þar einnig.

Gatnagerð í Hlíðarhverfi

Verkefnið er í vinnslu og er skipulag nú áfanga-
skipt. Meirihluti er sammála að áfangaskipt-
ingin taki mið af eftirspurn og verði úthlutað
lóðum eftir henni.

Viðhald eigna

Meirihluti er sammála um mikilvægi þess að
sinna viðhaldi eigna Grindavíkurbæjar til
dæmis klæðning á Grunnskólanum við Ása-
braut, viðhald leikvalla og íþróttamannvirkja.

Frávæita Grindavíkurbæjar

Verkefnið við frávæitumál bæjarfélagsins er
í vinnslu og er áfangaskipt. Meirihluti er sam-
mála um að halda þeirri vinnu áfram sam-
kvæmt áætlun.



Deiliskipulag íþróttasvæðis

Verkefnið er í vinnslu og er nú þegar hafin
stefnumótun við framtíðarskipulag íþróttas-
væðisins ásamt grunnhönnun nýrrar sund-
laugar. Meirihluti leggur upp með að skipulagið
sé langtíma verkefni þar sem ný sundlaug
sé í forgangi. Forgangsröðun verkefna verður
unnin í samvinnu við UMFG til dæmis ákvörðun
um gervigras, tengingu við Hópið, möguleika
á frístundarstarfi og ungmennahúsi.

Meirihluti er sammála að leggja til tímaáætlun
verkefna næstu 4 ára

Fyrri hluti kjörtímabilsins

- Ráðning mannauðsstjóra - Markmið er
stuðningur við starfsfólk Grindavíkurbæjar
og bæting vinnuumhverfis sem
skilar sér í bættari þjónustu til íbúa.
- Í upphafi kjörtímabils verður farið yfir
stjórnskipulagið með það að markmiði að
stofna nýja nefnd um atvinnu - loftslags-
mál og framkvæmdir sveitarfélagsins.
- Ný vefsíða - Markmið er að tryggja upp-
lýsingafærni til íbúa og auðvelda íbúum
að koma ábendingum áleiðis.
- „Greidd leið um Grindavík“ Aðgangsmál -
Markmið er að auka aðgengi hreyfi-
hamlaðra í bæjarfélaginu.
- Unnið verði að innleiðingu samþættrar
þjónustu í þágu farsældar barna.
- Yfirbygging á leikvelli - Markmið er
útivera og afþreying fyrir börn.
- Klifurveggar - Markmið er að auka
framboð útileiktækja fyrir ungmenni.
- Æfingagjöld UMFG - Markmið er að
samræma æfingagjöld leikskólabarna
og skólalabarna
- Unnin verður læsisstefna fyrir sveitar-
félagið.
- Leikskólagjöld - Markmið er að lækka
gjöld til foreldra og aðlaga afslætti.
- Framtíðarstefnumótun í tómstunda- og
frístundastarfi - Markmið er að efla
tómstundastarf allra aldurshópa, m.a.
í samvinnu við félagsmiðstöðina Þrumuna
og Skólalásel.
- Framkvæmdir á Hafnargötunni - Markmið
er að hefja framkvæmdir úr stefnumótun
sem styður við framtíðarsýn Hafnar-
götunnar.

Scinni hluti kjörtímabilsins

- Störf án staðsetningar - Markmið er að
styðja við starfsemi skrifstofuhótela og
setja þunga í ábendingar um mikilvægi
slikrar starfsemi á landsbyggðinni.
- Ærslabelgur - Markmið er að bæta við
öðrum ærslabelgum og auka þannig framboð
af leiktækjum fyrir börn og ungmenni.
- Fegrun á svæði sunnan við Þorbjörn - Mark-
mið að útbúa skjólsælt svæði til útivistar.
- Tæknivæða menntastofnanir - Markmið er
að styðja við framþróun menntastofnana
og kennslu á snjalltæki.
- Myndavélakerfi - Markmið er að samræma
effirlikt stofnana og auka öryggi íbúa.
- Sundlaugin - Markmið að vinna við nýja
sundlaug verði hafin.
- Miðbæjarskipulag - Markmið að vinna sam-
kvæmt framtíðarskipulagi verði hafin.
- Skoða hönnun og meta þörf á þriðja áfanga
Hópsskóla.

Skipting forseta bæjarstjórnar og formanns bæjarráðs verður eins og hér segir:

Forseti bæjarstjórnar verður frá B-lista fyrir
utan 3. árið verður fulltrúi U-lista.
Formaður bæjarráðs verður frá D lista.
Fulltrúi U-lista er með atkvæðisrétt í bæjarráði
fyrir utan 3. árið er fulltrúi B-lista með
atkvæðisrétt.
Fulltrúi B lista verði aðalmaður í stjórn S.S.S.
Fulltrúi D lista verður aðalmaður í stjórn H.E.S.
Fulltrúi U lista verður aðalmaður í stjórn Sorp-
eyðingarstöðvar Suðurnesja.
Núverandi bæjarstjóra, Fannari Jónassyni
verður boðinn áframhaldandi staða og verður
endurráðinn sem bæjarstjóri Grindavíkurbæjar.

Formennska í neðnum verður cíttífarandi:

Ný nefnd um atvinnu - loftslagsmál
og framkvæmdir sveitarfélagsins - D-lista
Félagsmálanefnd - B-lista
Fræðslunefnd - B-lista
Frístunda- og menningarnefnd - U-lista
Hafnarstjórn - D-lista
Skipulagsnefnd - U-lista

Fæðingarheimili Reykjavíkur

Grindvíkingurinn **Stefanía Ósk Margeirsdóttir** útskrifaðist sem ljósmóðir árið 2020 og ári síðar útskrifaðist hún úr faginum með meistaraáráðu og varð þar með fyrsta ljósmóðir Íslands til þess að afreka þessa tvo áfanga á svo stuttum tíma

Hún ásamt þrem samstarfskonum sínum standa að opnun Fæðingarheimilis Reykjavíkur. Stefania hefur einnig staðið að útgáfu hlaðvarpsins „Legvarpið“ og má þar hlusta á margar áhugaverða þætti.

Hvað er Fæðingarheimili Reykjavíkur? Hver er starfsemi?

Fæðingarheimili Reykjavíkur býður upp á samfellda og einstaklingsmiðaða þjónustu frá kynþroska til breytingaskeiðs. Konur geta leitað til okkar með ráðgjöf um getnaðarvarnir, barneignarþjónustu, brjóstagjöf og einnig fengið ráðgjöf um breytingaskeið. Við erum einnig með námskeið um fæðinguna og fyrstu dagana eftir fæðingu - og eru námskeiðin kennd á íslensku, ensku og pólsku. Það er okkur mjög mikilvægt að þjónustan sé aðgengileg öllum og er þetta einn liður til að vinna að því markmiði.

Við bjóðum barnshafandi konum upp á samfellda þjónustu ljósmæðra við 34 vikna meðgöngu, í fæðingu á Fæðingarheimilinu og heimaþjónustu á fyrstu 10 dögum sængurlegunnar. Þekkt er að samfelld þjónusta eykur gæði þjónustunnar, öryggi og vellíðan nýrra fjölskyldna. Þrátt fyrir þetta eiga konur á barneignaraldri ekki marga möguleika á slíkri þjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Fæðingarheimili Reykjavíkur eykur möguleika kvenna á samfelldri þjónustu sem er einstaklingsbundin, fagleg og heildræn.


Á einum stað geta konur og fjölskyldur þeirra nálgast þjónustu sem þau geta verið viss um að sé veitt af virðingu - frá teymi ljósmæðra og annarra fagaðila sem hafa sett sér það markmið að veita góða fræðslu og þjónustu á þeirra forsendum. Við erum alsælur með að hafa fundið húsnæði sem uppfyllir allar okkar kröfur. Húsnæðið er bjart og fallegt, og staðsetningin frábær þar sem við verðum í nágrenni við lífið í miðbænum, háskóla-samfélagið og Kvennadeild Landspítalans. Nú fer húsnæðið okkar að Hlíðarfæti 17 að verða tilbúið og hlökkum við til að opna Fæðingarheimilið í byrjun hausts og taka á móti fjölskyldum.

Við erum nú þegar farnar að halda námskeið og taka niður pantanir fyrir fæðingarþjónustunni en það er hægt að bóka sig á námskeið eða viðtal hjá okkur á heimasíðunni okkar faedingarheimilid.is

Námskeiðin okkar eru haldin í litlum hópum í kósi sal. Áhersla er lögð á að veita fræðslu en einnig að svara spurningum og þeim vanga-veltum og þælingum sem verðandi foreldrar hafa. Meginmarkmið námskeiðanna er að verðandi foreldrum finnist þau hafa betri þekkingu og aukið sjálfsöryggi til að takast á við það skemmtilega verkefni sem það að eignast barn er.

Af hverju opnuðu þið Fæðingarheimili Reykjavíkur?

Það er mikilvægt fyrir konur að hafa val um fæðingarstað og það sem hefur vantað hér á Íslandi er möguleikinn á samfelldri þjónustu í barneignarferlinu. Fæðingarheimili Reykjavíkur býður upp á samfellda þjónustu - sem þýðir að fjölskyldur geta verið í meðgönguvernd, fæðingu og heimaþjónustu hjá sama teymi ljósmæðra. Þarna gefst tækifæri til þess að kynnast vel óskum verðandi foreldra og mynda traust og gott samband - og þetta vitum við að er fjölskyldum mikilvægt. Við vitum líka að samfelld þjónusta ljósmæðra eykur öryggi og líkurnar á betri útkomum hjá móður og barni. Stofnendur FR, Emma og Embla, hafa áralanga reynslu af ljósmæðrastörfum en stunda einnig rannsóknir og kennslu við Háskóla Íslands. Öll starfsemi FR verður í nánú samstarfi við Háskóla Íslands og því í stöðugri þróun eftir því sem ný þekking verður til.



Markmið rannsókna þeirra hefur verið að styrkja barneignarþjónustu á Íslandi og bæta upplifun kvenna af þjónustunni.

Þegar Emma og Embla komu að máli við mig og buðu mér að vera með í byrjunarteyminu á Fæðingarheimili Reykjavíkur kom ekkert annað til greina en að stökkva til. Ég hafði verið með þann draum að starfa á fæðingarheimili og þetta var því draumur að verða að veruleika. Sjálf fór ég beint eftir útskrift að vinna á ljósmæðravaktina í Keflavík sem var frábær reynsla en þjónusta Fæðingarheimilisins er svipuð og fólk þekkir á Suðurnesjunum af ljósmæðravakt HSS, þ.e. lítið teymi ljósmæðra með samfellda þjónustu fyrir hraustar konur í eðlilegri meðgöngu. Síðan þá hef ég sótt mér fjölbreytta reynslu á höfuðborgarsvæðinu til að viðhalda færni minni á mismunandi sviðum ljósmæðrarstarfa ásamt því að fara í Neskaupsstað af og til. Núna er ég hinum megin við borðið að upplifa fegurðina í barneignarferlinu sjálfu og var svo heppin að njóta samfelldrar þjónustu Fæðingarheimilisins sem ég mæli eindregið með!

Hverjir mega geta nýtt sér þjónustu Fæðingarheimili Reykjavíkur?

Við leggjum mikið upp úr því að bjóða öllum konum upp á þjónustu Fæðingarheimilisins óháð uppruna og efnahag. Um 15% fæðandi kvenna á Íslandi eru af erlendu bergi brotnar og viljum við hjá Fæðingarheimili Reykjavíkur sinna þörfum þessa hóps. Öll þjónusta er því í boði á íslensku og ensku, og pólsku eftir kostum. Eins og er, erum við eini staðurinn á landinu sem bjóðum upp á þessi námskeið á pólsku og erum við afar stoltar af því. Að auki er boðið upp á sérstök fræðslunámskeið fyrir erlendar konur um heilbrigðiskerfið á Íslandi og möguleika til að mynda samfélag við aðrar konur í sömu stöðu. Öllum konum býðst eftirfarandi þjónusta veitta af ljósmæðrum Fæðingarheimilisins:

- ráðgjöf fyrir meðgöngu til að stuðla að heilbrigðu barneignarferli
- námskeið og ráðgjöf um fæðingu, brjóstagjöf og foreldrahlutverkið
- heimaþjónustu í sængurlegu í 10 daga eftir fæðingu
- brjóstagjafaráðgjöf á fyrstu 14 dögum eftir fæðingu
- getnaðarvarnarráðgjöf og ávísun/uppsetning getnaðarvarna
- ráðgjöf um breytingaskeiðið
- Samtal um fæðingarupplifun - sérstaklega fyrir konur sem hafa erfiða upplifun af fæðingu
- ýmskonar stuðningur sem stuðlar að heilbrigðu líferni svo sem sjúkrahjálfun og jóga
- fræðslukvöld og foreldramorgnar

Fæðing á Fæðingarheimili Reykjavíkur hentar konum ef:

- þær eru hraustar og meðgangan hefur verið án áhættuþátta
- fæðing hefst þegar meðgöngulengd er milli 37-42 vikur
- þær ganga með eitt barn sem er í höfuðstöðu
- þær vilja fá persónulega þjónustu frá ljósmæðrum sem þekkja þær og þeirra óskir

Við bjóðum konum sem vilja fæða barn sitt á Fæðingarheimilinu að þiggja meðgönguvernd hjá ljósmæðrum Fæðingarheimilisins frá 34. viku. Einnig bjóðum við upp á heimaþjónustu í sængurlegu fyrstu 10 dagana eftir fæðingu. Með þessu fæst samfella í þjónustu þar sem verðandi foreldrar kynnast ljósmæðrum sínum, mynda traust samband og ljósmæður veita einstaklingsbundna og persónulega þjónustu sem hentar hverri fjölskyldu fyrir sig.

Við bjóðum öllum verðandi foreldrum sem hafa áhuga á því að fæða barn sitt á Fæðingarheimilinu að bóka hjá okkur viðtal þar sem farið verður vandlega yfir hvort Fæðingarheimilið sé góður valkostur fyrir þau.

Hægt er að kynna sér betur þjónustuna og markmið námskeiða og innihald á faedingarheimilid.is



MENNINGARHÚSIN Í GRINDAVÍK HAUST 2022 HAUST 2022 HAUST 2022 MENNINGARHÚSIN Í GRINDAVÍK HAUST 2022 HAUST 2022 HAUST 2022 MENNINGARHÚSIN Í GRINDAVÍK HAUST 2022

Haustinu fylgja ferskir vindar sem blása munu um menningarhús Grindavíkinga. Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá fyrir almenning, fjölskyldur, skólahópa og börn í Kvikunni og Bókasafni Grindavíkur. Þá skipuleggja veitingastaðir og handverkshúsin reglulega áhugaverða viðburði.

Morgunkaffi í Kvikunni

→ Kvikun – Alla miðvikudaga kl. 10:00
Eldri íbúum er boðið upp á kaffi í Kvikunni alla miðvikudagsmorgna kl. 10:00. Af og til mæta góðir gestir í heim sókn.

Haustkransagerð með Guggu

→ Kvikun – 5. september kl. 17:00
Lærðu að útbúa þinn eigin haustkrans undir leiðsögn Guggu í Blómakoti. Þátttakendur eru hvattir til að koma með greinar, lyng, mosa og ber til þess að nota. Námskeiðs- og efnisgjald er **3.500 kr.** og greiðist á staðnum.

Bókasafnsdagurinn

→ Bókafnið – 8. september
Bókafnsdagurinn er haldinn hátíðlegur á bókasöfnum um allt land. Vakinn er athygli á öllu því mikilvæga starfi sem unnið er á bókasöfnum og nauðsyn þeirra fyrir samfélagið. Á Bókasafni Grindavíkur geta lánþegar skilað bókum og fengið sektir á þeim felldar niður.

Endurvinnslusmiðja fjölskyldunnar

→ Kvikun – 14. september kl. 16:00
Nýstofnað Listvinafélag Grindavíkur býður upp á endurvinnslusmiðju fyrir Grindavíkinga á öllum aldri. Endurvinnslusmiðjurnar hafa á undanförunum árum notið mikilla vinsælda hjá fjölskyldum þar sem börn fá að vinna að listsköpun úr óhefðbundnu efni.

Listasmiðja á starfsdegi

→ Kvikun – 19. september kl. 10:00
Gluggarnir í forsal Kvikunnar verða skreyttir að nýju. Á starfsdögum í Grunnskóla Grindavíkur er Kvikun opin börnum sem geta unnið sjálfstætt að sinni listsköpun. **Ekki verður boðið upp á gæslu.**

Krónika með Alla

→ Kvikun – 21. september kl. 20:00
Alli á Eyri segir grindvískar sögur. Alli er einstakur sagna- maður og rifjar upp sögur af fólki og viðburðum úr Grindavík eins og honum einum er lagið. Þá er aldrei að vita nema lagið verði tekið inn á milli sagna. Gestur verður Gunnar Tómasson, framkvæmdastjóri Þorbjarnar.

Hversu ríkur er Jóakim frændi?

→ Bókafnið – 26.-30. september
Nemendur í 5.-7. bekk keppast um að giska á hversu margar krónur verða í peningatanki Jóakims frænda sem komið verður fyrir á Bókasafni Grindavíkur. Sá eða sú sem kemst næst réttari upphæð fær myndasögusyrpu í verðlaun.

Græn spor og grænkera kaffi

→ Kvikun – 28. september kl. 20:00
Lára Lind Jakobsdóttir segir frá hagnýtum grænum lausnum sem bæta umhverfið okkar. Hún segir frá auðveldum skrefum sem hægt er að taka í átt að umhverfisvænni lífsstíl. Boðið verður upp á kaffi og vegan bakkelsi.

Betri svefn – grunnstoð heilsu

→ Kvikun – 5. október kl. 17:15
Inga Rún Björnsdóttir sálfræðingur hjá Betri svefni fer yfir mikilvægi svefns fyrir heilsu og liðan. Fjallað verður um algeng svefnvandamál og gefin góð ráð fyrir góðan nætursvefn.

Hrekkjavökusmiðja fjölskyldunnar

→ Kvikun – 12. október kl. 16:00
Nýstofnað Listvinafélag Grindavíkur býður upp á hrekkjavökusmiðju fyrir Grindavíkinga á öllum aldri. Unnið verður að listsköpun og skreytingum fyrir hrekkjavökuna sem fram fer í lok október.

Bleiki dagurinn

→ Bókafnið – 14. október
Bleiki dagurinn er haldinn hátíðlegur um land allt. Á bókafninu er stillt upp bleikum bókum og bókum um krabbamein til að minna á þetta mikilvæga málefni. Einnig mætir starfsfólk í bleikum fötum og eru gestir hvattir til að gera það sama.

Opnun á ljósmyndasýningu Láru Lindar

→ Kvikun – 14. október kl. 16:30-18:00
Á sýningunni verða sýnd ný verk eftir Láru Lind Jakobsdóttur þar sem að hún vinnur með efnivið úr náttúrunni í nágrenni Grindavíkur. **Sýningin verður opin almenningi.**

Bangaspítali í Kvikunni

→ Kvikun – 19. október kl. 15:00-17:00
Kvikun breytist í bangaspítala þar sem börn mega koma með bangsa eða dúkku að heiman og hitta heilbrigðisstarfsfólk. Bangsinn verður læknaður eftir því sem við á þ.e. settar umbúðir, plástrað, saumað o.frv.

Spilastund með spilavinum

→ Bókafnið – 24. október kl. 14:00-16:00
Spilavinir mæta með fjölbreytt og skemmtileg spil sem allir geta tekið þátt í. Spilavinir hjálpa til við að byrja hvert spil með því að kenna reglurnar og eru til taks til að aðstoða við spilin.

Vetrarfrí í Kvikunni

→ Kvikun – 24. og 25. október
Kvikun verður opin börnum á grunnskólaaldri sem geta unnið sjálfstætt að sinni listsköpun eða vilja spila með vinum eða félögum. Ekki verður boðið upp á gæslu.

Krónika með Alla

→ Kvikun – 26. október kl. 20:00
Alli á Eyri segir grindvískar sögur. Alli er einstakur sagna- maður og rifjar upp sögur af fólki og viðburðum úr Grindavík eins og honum einum er lagið. Þá er aldrei að vita nema lagið verði tekið inn á milli sagna. **Aðgangur ókeypis og boðið upp á kaffi.**

Hrekkjavaka á bókasafninu

→ Bókafnið – 31. október – 4. nóvember
Starfsfólk bókafnsins elskar hrekkjavökuna! Bókafnið verður í draugalegum búningi, boðið verður upp á vasaljósalestur og lesnar verða draugasögur fyrir nemendur. Þann 4. nóvember verður sérstaklega draugalegt á safninu þegar starfsfólk mætir í búningum.

Keflvískt bítl í stórsveitarstíl

→ Kvikun – 2. nóvember kl. 20:00
Stórsveit Íslands hefur getið sér gott orð á liðnum árum. Þessi 22 manna hljómsveit býður til sannkallaðrar tónlistarveislu í Grindavík þegar hljómsveitin flytur vinsælt keflvískt bítl frá árunum 1965-1975 í nýrri útsetningu Þóris Baldurssonar.

Myndasögusmiðja fjölskyldunnar

Kvikun – 9. nóvember kl. 16:00
Nýstofnað Listvinafélag Grindavíkur býður upp á myndasögusmiðju fyrir Grindavíkinga á öllum aldri. Áhugasömum verður leiðbeint hvernig búa á til sögur í orðum og myndum.

Pólskt bíó

→ Kvikun – 12. nóvember kl. 14:00
Pólverjar í Grindavík bjóða börnum í bíó. Í forsalnum gefst tækifæri til að hittast, spjalla og kynna.

Norrænn bókmenntaarður

→ Bókafnið – 14.-18. nóvember
Í Norrænni bókmenntavíku er leitast við að efla lestrargleði og breiða út norrænar bókmenntir á Norðurlöndunum og nágrennalöndum. Bókafn Grindavíkur mun bjóða börnum upp á upplestur úr norrænum bókum.

Dagur íslenskrar tungu

→ Bókafnið – 16. nóvember
Markmið dags íslenskrar tungu er að minna á mikilvægi íslenskrar tungu og gleðjast og fagna sögu hennar, samtíð og framtíð. Bókafn Grindavíkur notar daginn til að kynna nýja og gamla íslenska höfunda fyrir lánþegum.

Hlutlaus persónufofn og kynhlutlaust mál

→ Kvikun – 16. nóvember
Í tilefni af degi íslenskrar tungu fjallar Selma M. Sverrisdóttir íslenskfræðingur og málfarsráðgjafi um hlutlaus persónu_fofn, kynhlutlaust mál og þær áskoranir sem því fylgja að temja sér slíkt mál.

Menningarverðlaun Grindavíkur 2022

Menningarverðlaun Grindavíkurbæjar voru veitt í þrettánda sinn í ár en verðlaunin eru veitt árlega til einstaklings, stofnunar eða samtaka sem viðurkenning fyrir eftirtektarvert framtak á sviði lista og/eða menningar. Hlutverk verðlaunanna er m.a. að vera almenn hvatning til eflingar menningar- og listastarfs.

Kvikan hlaut menningarverðlaun Grindavíkurbæjar 2022

Kvikan – menningarhús Grindavíkinga hlaut menningarverðlaun Grindavíkurbæjar í ár. Fristunda- og menningarnefnd horfði í mati sínu til þeirra breytinga sem orðið hafa á húsinu á fáum árum. Kvikan hét lengi vel Saltfisksetur Íslands og hósti samnefnda sýningu á neðri hæð hússins. Í upphafi árs 2019 var tekin sú ákvörðun að ráðast í viðtæka stefnumótun fyrir starfseminu í húsinu. Haft var samráð við fjölmarga Grindavíkinga og niðurstaða þeirrar stefnumótunarvinnu var að Kvikan ætti að vera hús fyrir Grindavíkinga en á sama tíma að bjóða gesti okkar velkomna til að kynna sig.

Eftir þeirri línu hefur verið unnið markvisst síðan. Sú stefna og það starf sem byggt hefur verið upp í húsinu í heimsfaraldri og við samkomutakmarkanir, hefur skilað því að fjöldi gesta hefur rúmlega þrefaldast frá árinu 2018. Fjöldi gesta segir þó ekki allt, heldur þarf að horfa í það hverjir mæta og í hvaða tilgangi.

Í vetur hafa verið nær daglega viðburðir í húsinu af hinum ýmsu stærðum og gerðum, hvort sem það eru kóræfingar, fundir, fyrirlestrar eða listasmíðjur. Starfið í húsinu hefur mælst vel fyrir hjá íbúum sem hafa sýnt þakklæti sitt með jákvæðu viðhorfi í garð hússins. Þetta jákvæða viðhorf íbúa skilar sér í miklum meðbyr. Á tímum sem ekki var hægt að halda stóra viðburði jókst ánægja Grindavíkinga með aðkomu sveitarfélagsins að menningarmálum.



Sandra Ósk Halldórsdóttir og Lance Leó Þórólfsson.

Hvatningarverðlaun Grindavíkur

Við sömu athöfn voru veitt hvatningarverðlaun Grindavíkurbæjar. Þetta er í annað sinn sem hvatningarverðlaun eru veitt til unglinga sem hafa sýnt áhuga á menningarmálum. Lance Leó og Sandra Ósk fengu hvatningarverðlaun Grindavíkurbæjar.

Í ár hlutu tveir unglingar hvatningarverðlaunin, þau Lance Leó Þórólfsson og Sandra Ósk Halldórsdóttir.

Lance Leó Þórólfsson, slagverksnemandi, hóf nám við Tónlistarskólann í Grindavík árið 2013. Hann tók grunnpróf í slagverki árið 2021 og stóðst það með þryði. Lance Leó er góður nemandi sem er fljótur að tileinka sér tækni og hugtök.

Sandra Ósk Halldórsdóttir, þverflautunemandi, hóf nám við tónlistarskólann í Grindavík árið 2019. Hún er jákvæður, samvissusamur og duglegur nemandi. Sandra er ávallt boðin og búin ef eitthvað þarf að gera, hvort sem það er að spila á uppákomum eða taka á móti hóp af leikskólabörnum, spila fyrir þau og kynna þau fyrir þverflautu.

Í umsögn kennara þeirra kemur fram að þau Lance Leó og Sandra Ósk eru bæði vel að verðlaununum komin, hafa stundað nám sitt af samvissusemi og dugnaði, taka alltaf þátt í uppákomum á vegum skólans, eru bógóð og jákvæð ef hlaupa þarf til með litlum fyrirvara og eru yngri nemendum mjög góð fyrirmynd.

Listvinafélag Grindavíkur

Listvinafélag Grindavíkur er nýtt félag sem stofnað var 28. apríl síðastliðinn. Félagið er sameiginlegur vettvangur fyrir skapandi fólk á öllum aldri sem býr í Grindavík eða hefur tengingu hingað. Félagið vill taka þátt í að efla listsköpun og menningu í Grindavíkurbæ. Félagið varð til því okkur fannst vera vöntun á námskeiðum í skapandi greinum í bæjarfélaginu ásamt þess að vilja búa til sameiginlegan vettvang fyrir skapandi fólk hér í bæ.



Sifjón Listvinafélags Grindavíkur: Dóra, Hrefna Berth og Kristín Erla.

Innan félagsins er fólk að efla list sína, læra nýja tækni og tengjast innbyrðis milli ólíkra greina. Eldri og yngri félagsmenn tengjast í sköpunarvinnu og geta einnig lært hvert af öðru. Markmiðið er að halda námskeið, viðburði, sýningar og annað sem tengist skapandi greinum fyrir allan aldur.

Hvað er framundan hjá Listvinafélagi Grindavíkur?

Við ætlum að hafa námskeið í hverjum mánuði og jafnvel opin hús þar sem allir geta komið með sitt eigið dót til listsköpunar. Boðið verður uppá viðburði, bæði fría eða gegn gjaldi, en allt þetta verður auglýst á síðu Listvinafélagsins.

Félagið hélt nýlega aðalfund og má fylgjast við viðburðum, námskeiðum og öðrum uppákomum á Facebook síðu félagsins: Listvinafélag Grindavíkur.



Prjónasamfélagið skiptir okkur máli



Systurnar **Marta og Lilja Dögg Karlsdætur** opnuðu verslunina Prjónasystur í Grindavík árið 2018. Verslunin er staðsett í hinu fornu verbúð Bakka, en Bakki er elsta uppistandandi verbúðin á Suðurnesjunum

Systurnar eru nýstar aldar upp í kringum garn og prjóna en móðir þeirra átti á árum áður efnavöruverslun í Keflavík.

„Við höfðum heyrt af því að prjónaverslunin sem var hér áður í bænum væri að fara að hætta en við vildum halda í þetta samfélag sem hefur myndast, prjónasamfélagið. Við byrjuðum í kjallaranum heima á meðan við leituðum okkur að húsnæði en svo var Minja- og sögufélag Grindavíkur að leita af rekstraaðilum í húsið og við gripum tækifærið. Við erum báðar í fullri vinnu svo þetta er í raun svokölluð „hobbybúð“, þess vegna er bara opið seinni partinn hjá okkur.

Hvejir eru það sem versla hjá ykkur?

Þetta eru Grindvíkingar en það er líka fólk út um allt land. Við erum með vefverslun svo það er verið að panta vörur sem fara um allt land en konur eru líka duglegar að kíkja til okkar allstaðar að í verslunina og á prjónakvöldin okkar. Það tíðkast mikið hér að kvennahópar geri sér ferð til Grindavíkur og fari t.d. til „Hjá Höllu“, í Palóma og á fleiri staði og við erum líka komnar í þennan hring þannig við fáum oft símtöl um að opna í smá tíma fyrir hópa. Það kom hérna um daginn saumaklúbbur sem við opnuðum fyrir og vorum með lítið prjónakvöld. Sem er skemmtilegt og frábært.



Prjónakvöldin eru stór partur af þessu samfélagi. Þar getur fólk komið saman og prjónað, líka þeir sem kunna ekkert að prjóna geta komið og lært frá grunni. Svo hlustum við á það hvað fólk vill prjóna. Einn hópur af ungum mæðrum kom til okkar og vildi læra að prjóna ákveðna peysu. Þá koma þær hingað ef þær þurfa hjálp, sitja með okkur og prjóna.

Funduð þið fyrir aukningu í Covid?

Já klárleg, við vorum hérna á hverjum degi að taka saman pantanir fyrir vefverslunina – margar á dag. Fólk var að finna sér eitt-hvað að gera og mikið af ungum prjónurum að byrja. Með nýrri kynslóð af prjónurum, sem eru í meirihluta ungar konur, þá hefur orðið mikil framþróun í uppskriftum og uppskrifta-gerð. Tala nú ekki um þegar Salka Sól sem er mikil fyrirmynd fyrir marga, byrjar að prjóna. Þannig það var margt sem spilaði inni með Covid sem gerði það að verkum að þetta varð vinsælt og fleiri fóru að prófa.

Eru tiskustramar í prjóni?

Já, til dæmis fyrir svona ári síðan voru allir að prjóna sjöl. Við fundum það vel því það fer ákveðið garn í sjöl og svo allt í einu er það búið og verður ekki eins vinsælt. Nú þegar skólinn er að byrja þá finnum við að það er meira að vera að gera í að prjóna peysur, vettlinga og sokka og það eru sérstakar týpur af garni sem fer í það og svo eru það ákveðnar peysur sem margir eru að prjóna á sama tíma. Maður finnur alveg að ein byrjar og þá fer boltinn af stað.

Er það líka þannig með lit?

Já, á haustin eru alltaf þessir haust/jarðlitir og sumrin eru það skærir og bjartari litir. Birginn sem við kaupum garnið okkar af er í Noregi og þau eru alveg með þetta enda búin að lesa markaðin í mörg ár.

Prjónasystur leggja mikla áherslu á að endurnýta eins mikið og völ er á. „Við fáum mjólkurkassa frá leikskólanum sem við notum til að senda okkar sendingar í og svo notum við alla plastpoka sem við fáum bæði úr sendingum frá birgjum og einnig eru margir duglegir að koma með allskyns poka til okkar. Þetta notum við áfram í sendingar sem við sendum frá okkur.

Prjónasamfélagið hér í Grindavík skiptir okkur máli og við viljum viðhalda því með prjónakvöldunum okkar.

Einnig förum við stundum uppi Víðihlið þar sem við sitjum með fólkinu og prjónum með þeim og aðstoðum ef þess þarf.



Slysavarnadeildin Þórkátla

Þórkátla nýtur mikillar velvildar hjá bæjarbúum og er að öllum líkindum **fjölmennasta sjálfboðaliðafélag Grindavíkur**, en deildin er ein af tæplega 30 slysavarnadeildum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og sú fjölmennasta.

Deildin var stofnuð 12. janúar 1977 og sinnir fjölmörgum verkefnum árlega, bæði innan deildar og á landsvísi undir hatti Slysavarna-félagsins Landsbjargar. Við spurðum Guðrúnu Kristínu Einarsdóttur formann og Rögnu Gestsdóttur ritara nánar um deildina.

„Í dag eru 148 félagskonur í Þórkátlu og af þeim eru 88 virkar. Margar eldri félagskonur og aðrar sem hafa minni tíma til að vera virkar, kjósa að vera styrktarkonur sem þýðir að þær greiða árgjaldið en eru ekki kallaðar til í verkefni. Það eru þó að sjálfsögðu allar félagskonur ávallt velkomnar í verkefni,“ segir Ragna. „Allar konur í Grindavík sem eru orðnar 18 ára eru velkomnar í deildina, þeim sem yngri eru bendum við á unglingadeildina Hafbjörgu. Meðalaldur virkra félagskvenna er líklega um fertugt, þó við höfum ekki tekið það saman. Svo eru konur eins og ég sem búa ekki lengur í Grindavík, en eru enn virkar í deildinni og halda tengslum við aðrar félagskonur og Grindavík. Hafi konur áhuga á að ganga í deildina, þá er langbest að senda skilaboð til mín á Facebook eða á ragnage@simnet.is.“

Guinna Stína og Ragna í eldri Ellubúð árið 2016 ásamt Önnu Magnúsdóttur félagskonu.



Guinna Stína bætir við að oft séu fjölskyldu-tengsl á meðal félagskvenna. „Eins og í minni tilviki þá eru móðir mín, systir mín og mágkona allar félagskonur og hafa verið í mörg ár eins og ég.“

Slysavarnir meginmarkmiðið

Líkt og hjá öðrum slysavarnadeildum eru slysavarnir meginmarkmiðið segir Guinna Stína. „Og í okkar tilviki er það bæjarfélagið okkar Grindavík. Við höfum gefið tæki sem tengjast slysavörnum í íþróttahúsið, á elliheimilið, leikskólana og heilsugæsluna. Við höfum einnig gefið aðra hluti sem þörf er fyrir eins og til dæmis í ár þá gáfum við tvo hægindastóla og sjónvarpsstanda í dagdvölinni í Viðihlið og tvo hægindastóla og teppi á sjúkradeildina í Viðihlið. Einnig buðum við öllum bæjarbúum reykskynjara að gjöf. Við tökum einnig þátt í tveimur könnunum sem Slysavarnafélagið Landsbjörg gerir á landsvísi; umferðaröryggiskönnun og könnun á öryggisbúnaði við leikskólana.“



Gosvaktin stærsta verkefnið til þessa

Þórkátla er í samstarfi við Björgunarsveitina Þorbjörn og þegar útkall er hjá björgunarsveitinni standa félagskonur vaktina í björgunarsveitarhúsinu ef óskað er eftir og sjá um að elda mat, smyrja nesti, þrifa og ganga frá. Stórt útkall var þegar gaus í Geldingadölum 19. mars í fyrra og aftur nú í ár þegar gaus í Meradölum 3. ágúst síðastliðinn, en í bæði skiptin voru félagskonur mættar daginn sem gos hófst. „Vaktin í ár hefur verið töluvert rólegri en í fyrra, konur sem stóðu vaktina þá muna handtökin og hvað þarf að gera og græja,“ segir Guinna Stína. „Í fyrra voru dagarnir ansi langir og við vorum með nokkrar konur í einu á vakt frá kl. 9/10 á morgnana til kl. 22/23 á kvöldin í rúman mánuð. Auk þess fórum við með sölugáminn okkar Ellubúð upp að gönguleið A og var nóg að gera hjá okkur við að selja göngugörpum nesti. Það er óhætt að segja að gosvaktin í fyrra sé stærsta verkefnið okkar til þessa, bæði í tímafjölda, mannafla og kostnaði.“

Félagskonur halda af stað í umferðaröryggiskönnun.



Á Merardalavaktinni stóðu nokkrar félagskonur vaktina fyrstu dagana, en fljótlega var ákveðið að hafa tvær vaktir á dag, frá kl. 10-12 og kl. 17-19 og óska eftir minnst tveimur félagskonum á vakt. „Við erum ríkar af mörgum konum sem alltaf eru boðnar og búnar að mæta og vinna þegar þarf. Þrátt fyrir að margar félagskonur hafi verið í sumarfríi þá tókst okkur að manna flestar vaktir og við stjórnarkonur skiptum einnig meðal okkar verkefnum,“ segir Guinna Stína. „Félagar okkar í Björgunarsveitinni Þorbirni og aðrir félagar okkar úr björgunarsveitum um allt land sem staðið hafa vaktina við gosstöðvarnar eru líka húskunnugir og geta séð um sig sjálfir þó við Þórkátlu séum ekki á staðnum. Okkur finnst þó alltaf langbest að vera á vaktinni og sjá um að allir fari vel saddir og sælir frá okkur. Það er alltaf gaman hjá okkur, góð stemning í húsinu og gaman að hitta og spjalla við aðra félag. Við notuðum tækifærið til að kaupa nýja uppþvottavél og vaskir björgunarsveitarmenn sáu um að vélar-skiptin gengu hratt og vel fyrir sig. Við erum öll í sama liði og hér hjálpast allir að.“

Aðstoð fyrirtækja og einstaklinga ómetanleg

Guinna Stína segir að mörg fyrirtæki hafi staðið vel við bakið á deildinni á gosvöktunum. „Veitingastaðir og fyrirtæki í Grindavík stóðu mjög vel við bakið á okkur í fyrra og einnig gáfu margir einstaklingar okkur bakkelsi. Í ár hringdi Hérastubbur bakari nánast daglega og gaf okkur bakkelsi. Og það þarf ekki gosvakt til, Þórkátla nýtur mikillar velvildar hjá bæjarbúum og fyrirtækjum. Við kunnum einstaklingum og fyrirtækjum í Grindavík okkar bestu þakkir fyrir að standa alltaf vel við bakið á deildinni. Aðstoð þeirra er ómetanleg, en svona er samfélagið hér. Þegar á reynir er fjöldi einstaklinga sem býður fram aðstoð sína. Aðrar slysavarnadeildir buðu fram aðstoð í fyrra, bæði í vinnu og mat og bakkelsi, og var aðstoðin kærkomin, en í ár var vaktin svo róleg að við þurftum minna á aðstoð að halda frá öðrum deildum.“



Landsmót loksins eðtir tveggja ára bið

Það er þó ekki bara vinna að vera félagskona í Þórkátlu, því félagskonur hafa orð á sér fyrir að vera skemmtilegur hópur. „Og ekki taka bara okkar orð fyrir því, spyrjið aðrar deildir,“ segja stöllumnar og hlæja. „Fyrir utan gosvaktirnar hefur lítið verið um að vera síðustu tvö ár bara eins og hjá öllum öðrum.“

Á meðal helstu verkefna er sjómannahelgin sem fór loksins fram í ár, þar erum við með Ellubúð og seljum ýmislegt góðgæti, kandiflosið er langvinsælast. Við erum með aðalfund og haustfund einu sinni á ári, á þeim seinni er minna um formleg fundarstörf og bjóðum við félagskonum upp á mat og skemmtun. Í fyrra ákváðum við stjórnarkonur að verðlauna félagskonur og buðum þeim sem skráðu sig á haustfund á Hótel Selfoss í gistingu, mat og skemmtun. Allar konur voru leystar út með troðfullum gjafapoka og eru þær enn að tala um hvað var gaman. Í nóvember höldum við jölskreytingakvöld og seljum jólarósir til fyrirtækja,“ segir Guinna Stína. „Í lok september er síðan loksins komið að landsmóti slysavarnadeilda sem haldið verður á Hótel Örk í Hveragerði og átti að fara fram 2020. Þórkátlu verða fjölmennastar þar, 26 konur eru að fara.“



Landsþing Slysavarnafélagsins Landsbjargar verður síðan haldið á Akureyri í maí á næsta ári. Einnig erum við að skoða námskeið í vetur fyrir félagskonur, eins og námskeið í fyrstu hjálpu og fleira. Ekki hika lengur, komdu og vertu með í skemmtilegum félagskap í Slysavarnadeildinni Þórkátlu,“ segir Ragna.

Þórkátlu kamparkortar á haustfundinum á Hótel Selfossi í október 2021.

Ellubúð við gosvöktunardeildina árið 2021.

Félag eldri borgara

Árlegt starf **Félags eldri borgara í Grindavík** hefst með félagsfundum í september og endar oftast á vorferð í maí/júní. Á starfsáætlun eru meðal annars leikhúsför, spjallkvöld, aðventugleði og Þorrablót

Alla miðvikudagsmorgna er hægt að hitta félagana í Kvikunni, milli kl. 10:00 og 11:30, þar sem Kvikan býður upp á kaffi og kleinur. Endilega komið og njótið - ekki þarf að vera í félaginu til að koma - bara vera á réttum aldri.

Á Facebooksíðu félagsins (Feb Grindavík) má meðal annars finna dagskrá vetrarins, viðburði og fleira. Félagsstarf eldri borgara fer fram víða um Grindavík, m.a. í Hópinu (ganga), í Íþróttahúsinu (boccía og sund), í Kvennó (billiard) og í smáhýsi við grunnskólann er tré útskurður auk starfsins í Kvikunni.

Félagsfundir eru í Miðgarði við Austurveg 5 (Viðihlið, niðri). Við höfum skrifstofu og aðstöðu fyrir litla hópa sem vilja t.d. tefla eða spila, á Víkurbraut 62, 3. hæð (Verslunarmiðstöðinni).

Þeir sem vilja ganga í félagið geta haft samband við stjórn og gefið upp nafn, kennitölu, heimilisfang, síma og netfang.

Allar nánari upplýsingar veitir stjórn félagsins: Ágústa Gísladóttir, s: 897-4750
agustahg48@gmail.com

Guðbjörg Ásgeirsdóttir, s: 892-8438
efstahraun@simnet.is

Margrét Gísladóttir, s: 896-3173
margis2@live.com



Tómstundir í boði fyrir eldri borgara haustið 2022

Bridge á mánudögum kl. 13.00 í matsal Viðihliðar.

Útskurður í smiðastofunni á mánudögum kl. 9:00 að Skólabraut 8.

Kaffi, kleinur og spjall í Kvikunni miðvikudaga kl. 10:00-11:30.

Tafl miðvikudaga kl. 13:00 í matsal Viðihliðar, allir velkomnir!

Félagsvist á fimmtudögum kl. 20:00, í sal Sjálfstæðisflokksins að Víkurbraut 25.

Bingó á fimmtudögum kl. 14:00 í matsal Viðihliðar.

Billiard í Kvennó, Víkurbraut 21, mánudag - föstudag kl. 10:00-16:00.

Boccía er á mánudögum kl. 13:00 og miðvikudögum kl. 09:00 og 13:00 í Íþróttahúsinu.

Föndur/kortagerð/prjón/hekl/postulínsmálun - vantar áhugafólk við stýrið!

Zumba með Jeanette og Dans með Hörpu, haust- og vor-námskeið (gjald).

Flest ofangreint hefst í september eða október
Upplýsingar í s: 8963173 – Allir velkomnir!

Dagskrá Félags eldri borgara í Grindavík 2022/2023:

Opið hús er haldið fyrsta föstudag í mánuði og hefst 7.október kl. 14:00-16:00, 3. hæð, Víkurbraut 62. Hægt að stofna hópa um áhugamálin og hittast þar!

September: Félagsfundur föstudaginn 9. september, kl. 17:00 í Miðgarði. Ræðum vetrarstarfið og fleira. Súpa og kaffi.

September: Haustferð! (skráning).

Október: Leikhúsför (skráning). Áætlað er að sjá „Svo á himni“ í Þjóðleikhúsinu.

Nóvember: Spjallkvöld í Kvikunni, föstudaginn 11. nóv. milli kl. 20:00-22:00.

Desember: Jólhlaðborð, föstudaginn 2. des. kl. 18:00 (skráning).



Janúar: Spjallkvöld í Kvikunni, föstudaginn 13. Janúar 2023, kl. 20:00-22:00.

Febrúar: Þorrablót! (skráning). Feb/mars: Aðalfundur!

Apríl: Vorhátíð á Sumardaginn fyrsta, 25. apríl, í Gíanni, kl. 15:00.

Maí: Vorferð – dagsferð áætluð í maí eða júní (skráning)

ATHUGIÐ!

Allir viðburðir, sem þarf að skrá þátttöku í verða auglýstir með tölvupósti og/eða dreifimiða og á Facebook þegar nær dregur. Áætluð dagskrá getur breyst og allar dagsetningar eru birtar með fyrirvara!

Úr starfi félags eldri borgara í Grindavík





Bókasafn Grindavíkur

**Bókasafn Grindavíkur, Ásabraut 2.
Opið mánudaga til föstudaga
frá kl. 12:30–18:00.**



**Kvikan, Hafnargötu 12a.
Opið mánudaga til laugardaga
frá kl. 11:00–17:00.**